

Öldungaráð 7. september 2020: Tillaga um félagsmiðstöðina Selið:

Vegna ástandsins í þjóðfélaginu leggur Öldungaráð Reykjavíkur til að Húsfélagið Slétturvegi 11 til 13 fái húsnæði Selsins til afnota og gefin verði eftir húsaleiga út næsta ár eða til áramóta 2021/2022

Greinagerð:

Öldungaráð Reykjavíkur hefur fengið til afgreiðslu beiðni hússtjórnar Sléttuvegs 11-13 um Selið félagsmiðstöð hússins en fyrirhugað er að loka Selinu um næstu áramót og flytja félagsmiðstöðina í hús Hrafnistu að Sléttuvegi 25 til 27. Að Sléttuvegi 11-13 eru 52 íbúðir, þar af ein húsvarðaríbúð. Meðalaldur íbúa er 83 ár, þar af eru 13 yfir nírrætt eins og kemur fram í bréfi formanns hússtjórnar.

Áhyggjur íbúa hússins eru að við lokun Selsins munu hreyfihamlaðir einstaklingar sem það sækja einangrast svo og þeir einstaklingar sem veigra sér við að fara út úr húsi í hálku og snjó.

Í bréfi formanns hússtjórnar eru lagðar fram nokkrar tillögur meðal annars að borgin veiti húsfélaginu afnot af húsnæði Selsins án húsaleigu til að halda áfram rekstri félagsmiðstöðvar og mótuneytis þar.

Öldungaráð telur mikilvægt á þessum tímum sem nú eru í heiminum að styðja við þá hópa sem líklegastir eru til að einangrast og er þar helsti áhættuhópurinn aldraðir.

Með því að loka Selinu þannig að íbúar hússins hafi ekki aðgang að húsnæðinu og vísa þeim einstaklingum er það sækja annað eykst sú hættu.

Þar sem nú eru óvissutímar vegna Covid 19 með fjölda- og nálægðartakmörkunum má segja að varhugavert sé fyrir þá sem nýtt hafa húsnæði Selsins að samnýta félagsmiðstöð Hrafnistu að Sléttuvegi 25-27.